



Nú er haustið komið í allri sinni dýrð og vetrarstarfið er komið á fullt. Nýlega voru kynningarfundir á deildum en til að árétta það sem þar kom fram munu deildarstjórar nú skrifa stutt fréttabréf til að kynna vetrarstarfið á sinni deild og setja inn á facebooksíður deildarinnar.

Í þessu fréttabréfi munum við kynna starfsfólk á deildum en einnig segja frá öðrum atriðum s.s. menntastefnu Árborgar, fjölskyldusviði og agastefnu Hulduheima.

## Starfsfólk Hulduheima í nóvember 2019

Kristrún Hafliðadóttir, leikskólastjóri S: 480-3282

Sólveig Dögg Larsen, aðstoðarleikskólastjóri S: 480-3283

Jensína Kristín Gísladóttir, sérkennslustjóri S: 480-3266

Kirsuberjadalur S: 480-3289: Kristín deildarstjóri, Anna Kristín (fyrir hádegi), Begga, Dominika og Óli Ingi (eftir hádegi)

Hlynskógar s. 480-3288: Þórunn Sif deildarstjóri, Anna Lára, Arndís, Íris Embla og Óli sem er tvo daga fyrir hádegi sem stuðningur.

Sólbakki s. 480-3287: Þorbjörg deildarstjóri, Elí, Paulina, Sólrún og Óli sem er tvo daga fyrir hádegi sem stuðningur.

Kattholt s. 480-3285: Júlíana deildarstjóri, Guðrún, Íris Rán, Margrét Anna og Herdís sem leysir Sigrúnu af í leyfi.

Sjónarhóll s. 480-3284: Íris Erla deildarstjóri, Birgitta, Harpa og Rósa. Anna Margrét er fyrir hádegi tvo daga í viku.

Smálönd s. 480-3286: Jóna deildarstjóri sem leysir Helenu Sif af í leyfi. Ella, Sibba og Sigrún. Anna Margrét er þrjá daga í viku.

Afleysingastarfsfólk: Karen, Anna Kolla og Guðdís.

Guðlaug iðjupjálfi fer á milli deilda bæði í fastar afleysingar og með sérþjálfun. Agnes er starfsmaður með skerta starfsgetu sem aðstoðar inni á öllum deildum og í matsal.

Eldhús: Alma matráður, Ása og Þórhildur S: 480-3269

## Framundan:

27. okt. Bangsadagur

31. okt. Búningadagur

4. nóv. Skipulagsdagur og lokað í leikskólanum.

14.nóv. Afmæli leikskólans

## Til minnis:

- Munið eftir heimasíðunni þar sem eru ýmsar upplýsingar um starfið okkar.

-Læsið ávallt millihurðum í anddyrum skólans og hleypið ekki út fylgdarlausum börnum.

-millihurðum á gangi í sitthvorum enda hússins á ekki að læsa.

- ekki er í boði að vera inni til að fyrirbyggja veikindi né eftir veikindi. Börn eiga að koma frísk í leikskólann.

- minnum á hlý föt og aukaföt til skiptanna

- Vinsamlegast tilkynnið veikindi og forföll barnanna í beint símanúmer deildanna.

## **Menntastefna Árborgar:**

Ný menntastefna var gefin út í sveitarfélaginu Árborg í byrjun árs. Stefnan gildir árin 2018-2022 og gildi hennar eru metnaður, virðing, vinátta og gleði. Þar er lögð áhersla á gott samstarf og vellíðan allra í skólasamfélaginu og að boðið sé upp á fjölbreytt nám þar sem frumkvæði, samvinna og nýsköpun er í forgrunni. Hægt er að sjá menntastefnuna á heimasíðu Árborgar: <https://www.arborg.is/skolar/skolastefna/>

## **Fjölskyldusvið:**

Í mars síðastliðnum var nýtt skipurit tekið í notkun í sveitarfélaginu þar sem rekstrinum var skipt upp í fjögur fagsvið. Leikskólarnir tilheyra fjölskyldusviði en sviðsstjóri þar er Þorsteinn Hjartarson sem var yfir fræðslusviði. Undir fjölskyldusviði er fræðsluþjónusta, skólar, ráðgjafarþjónusta, virkni- og stuðningsþjónusta og menningar- og frístundarþjónusta. Lögð er áhersla á þverfaglegt samstarf m.a. um stefnumótun, snemmtæka íhlutun, forvarnir, fræðslu og ráðgjöf. Á 6 vikna fresti kemur ráðgjafateymi frá fjölskyldusviði í Hulduheima og fundar með sérkennslustjóra, deildarstjórum og aðstoðarleikskólastjóra. Ráðgjafar í teyminu eru leikskólaráðgjafi, sálfræðingur, fulltrúi frá félagsþjónustu, verkefnastjóri snemmtæktrar íhlutunar, ráðgjafarþroskaþjálfari og í sumum tilfellum kennsluráðgjafi í fjölmenningu.

## **Agastefna Hulduheima**

Undanfarna mánuði hefur teymi innan leikskólans verið að vinna að agastefnu Hulduheima. Hún er unnin af teyminu en með aðkomu annarra starfsmanna og með lokasamþykki stjórnendateymis Hulduheima. Vinnan er nú á lokametrunum og mun stefnan vera kynnt starfsfólki og innleidd þetta skólaár. Foreldrar fá sent eintak af stefnunni í tölvupósti en um frekari kynningu hefur ekki verið rætt ennþá.

## **Bílastæðið**

Vegna mikillar umferðar hér á bílastæðinu langar okkur að prófa eina akstursstefnu. Þá yrði ekið inn á bílastæðið sunnanmegin (við yngri deildir) og út norðanmegin (við eldri deildir).

## **Vistunartími**

Leikskólinn er opinn frá 7:45-16:30 og vinnutímar starfsfólks ráðast af vistunartímum barna. Vinsamlegst virðið vistunartímann.

Allar óskir um breytingar á dvalartíma þurfa að berast leikskólastjóra fyrir 15. hvers mánaðar, eyðublöð í anddyrum.

